

## STAÐAN Í DAG

Efla þarf tómsstunda- og íþróttastarf fyrir aldurinn 16 – 25 ára, það er engin „félagsmiðstöð“ fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri og nauðsynlegt er að efla ungt fólk til að hafa áhrif á samfélagið. Vantar verknám á framhaldsskólastigi. Einnig vantar að auka fjölbreytileika í íþrótt- og tómsstundastarfi fyrir allan aldur. Leggja þarf meiri áherslu á einstaklingsíþróttir því ekki næst alltaf mannskapur í lið.

Félagsstarf aldraðra fer fram í öllum byggðakjörnum; Bíldudal, Tálknafirði, Patreksfirði og Barðaströnd. Vantar hinsvegar fjölbreytni í starf eldri borgara og nauðsynlegt að ná betur til eldri karlmanna. Sjáum fram á fjölgun í hópi aldraðra m.v. aldursrúðuningu íbúa. Efla þarf heimaþjónustu og oft reynist erfitt að manna þau störf. Aðgengi er víða ábótavant, sérstaklega í skólum Vesturbyggðar en líka flestum stofnunum á svæðinu. Aðgengi fyrir transfólk er einnig ábótavant og aukin meðvitund þarfnast um mikilvægi kynlausra salerna. Mikil þörf á sálfræðingi á svæðinu sem sinnir fullorðnum og telur hópurinn að það væri hægt að kynna félagsþjónustuna betur fyrir íbúum og gera hana aðgengilegri.

Það vantar meiri fjölbreytni í húsnæðismálin og húsnæði yfir höfuð á öllu svæðinu þó einhver uppbygging sé hafin á Bíldudal og Patreksfirði, ekkert áformað um slíka uppbyggingu á Tálknafirði. Við náum ekki nægjanlega vel til fólks af erlendum uppruna.

## SVÓT GREINING

Starfshópurinn hefur framkvæmt svokallaða SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

### Styrkleikar

Helstu styrkleikar okkar felast í smæðinni og stuttum boðleiðir sem gerir samstarf aðila í samfélaginu auðvelt. Góð reynsla er á samstarfi í félagsþjónustunni á milli sveitarfélaganna. Félagsstarf aldraðra er virkt í öllum byggðakjörnum þó mikilvægt sé að ná betur til karlmanna. Mismunandi menning hvers staðar er mikill styrkleiki sem auðgar heildarsamfélagið og þennan auð væri hægt væri að nýta enn betur. Það eru miklir möguleikar til hreyfingar og útvistar þar sem nálægð við náttúru er mikil. Við búum yfir öflugum innviðum í íþróttastarfi og eru íþróttahúsin oft hjarta bæjarins þar sem fólk hittist og á félagsleg samskipti.

### Veikleikar

Félagsleg staða framhaldsskólanema er veik og lítið fyrir þennan hóp að vera utan skóla. Vöntun á fagmenntuðu starfsfólki og erfitt reynist að ráða í stöður í félags- og skólaþjónustu, þar eru ýmsar ástæður en meðal annars vöntun á húsnæði. Ekki er næg þátttaka fólks af erlendum uppruna og finna þarf leiðir til þess að ná betur til þeirra. Veik staða í heimaþjónustu vegna erfiðleika við að ráða starfsfólk í lítið starfshlutfall. Erfiðleikar eru í samgöngum milli staða sem gerir aukin samskipti erfiðari en ella. Nálægð milli fólks getur verið veikleiki þar sem það getur verið of mikil tengsl milli fólks í mismunandi stöðum.

## Ógnanir

Okkar helstu ógn er fámennið og erfiðar samgöngur, auk þess er vetrarþjónusta Vegagerðarinnar skert. Aldursdreifing íbúa er ójöfn og sumir hópar mjög litlir sem gerir allt skipulag fyrir hvern hóp erfitt. Mikið er um erlent verkafólk sem kemur tímabundið, án fjölskyldna og tekur lítið þátt í samfélaginu. Lítið framboð húsnæðis á svæðinu sem hefur mikil áhrif á alla uppbyggingu á svæðinu.

## Tækifæri

Hópurinn sér mikil tækifæri í jarðgöngum á svæðinu sem myndi bæta samgöngur milli allra byggðakjarna. Tækifæri til innviðaupbyggingar eru einnig mjög mikil. Mannauðurinn á svæðinu býr yfir mikilli þekkingu og sjáum við að hægt væri að nýta styrkleika fólks af erlendum uppruna betur. Hægt væri að nýta mannauð á milli staða eða bjóða upp á störf án staðsetningar. Tækifæri eru til að auka námsframboð á svæðinu sérstaklega í verkgreinum fyrir framhaldsskólanema, stofna einskonar námsver. Efla þarf félagsstarf fyrir ungmenni á aldrinum 16 + til þess að halda þeim í heimabyggð til framtíðar. Tækifæri til að efla starfsumhverfi kennara og starfsfólks sveitarfélaganna. Fara í vinnu við að auka vellíðan starfsfólks með ýmsum hætti. Samnýta má félagsstarf aldraðra og efla starfið t.d með eflingu virkni þeirra og ná mögulega betur til karlmanna. Það kallar á meiri fjölbreytni og aukna þátttöku. Gera sveitarfélögin hinsegin-væddari og vera leiðandi í því starfi. Tækifæri liggja í að nota tækni í auknum mæli tækni fyrir starfsþróun, stoðþjónustu og fl. Mikilvægt er að markaðssetja svæðið okkar vel og sjáum við tækifæri í því hvað varðar að fjölga íbúum á svæðinu og ferðamönnum til svæðisins sem styður alla uppbyggingu svæðisins, m.a. aukin fjölbreytni í atvinnulífinu. Mikil tækifæri liggja í aukinni aðstöðusköpun til að laða að opinber störf á svæðinu og fjölga þannig störfum. Mikilvægt er að efla íbúasamtök til að tengja unga sem aldna - sérstaklega mikilvægt fyrir fólk sem er ekki með tengslanet á svæðinu. Þar liggur tækifæri í að stofna -Samfélagshús- þar sem fólk getur komið saman í ýmskonar tilgangi. Þar skapast tækifæri til að samnýta húsnæði fyrir ýmskonar félagsstarf. Mætti kannski tengja í auknum mæli hreyfingu við félagsstarf aldraðra.

## Samantekt

Á svæðinu er gott og öflugt starf félagasamtaka sem og starf eldri borgara en íprótta- og tómsundastarf fyrir fullorðna er ábótavant þó svo ýmislegt sé í boði. Svæðið býr yfir miklum mannauð og einstakri menningu hvers svæðis sem nýta mætti betur fyrir allt svæðið. Okkar helsti veikleiki eru slæmar samgöngur, vöntun á húsnæði og hversu brothættar byggðir við erum með. Mikil tækifæri eru á öllu svæðinu og með því að sameina krafta okkar getum við gert enn betri hluti. Við erum vön góðu samstarfi milli svæða og það mun nýtast okkur í áframhaldandi þróun hvað varðar farsæld fullorðinna.

## FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn telur mikilvægast fyrir málaflokkinn að bæta samgöngur með jarðgöngum milli byggðarkjarna; Hálfán, Miklidalur og Kleifaheiði. Fjölga þarf húsnæði á svæðinu til þess að taka á móti fleira fólki og þá laða sérstaklega að fjölskyldufólk. Mikilvægt er að hlúa að og halda áfram uppbyggingu framúrskarandi skólastarfs sem getur reynst mikið aðdráttarafi fyrir svæðið. Bæta þarf mál íbúa og barna af erlendum uppruna og aðstoða betur við móttöku þeirra. Hópurinn er sammála að mikill styrkur sé í samnýtingu á sérþekkingu, aðstöðu, áhuga og mannauð hvers byggðakjarna.

Forgangsröðun verkefna við framtíðarsýn

1. Jarðgöng
2. Framúrskarandi skólastarf
3. Þjónusta við aldraða
4. Mál íbúa af erlendum uppruna